

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ



LYFJAFRÆÐIDEILD



HÁSKÓLI ÍSLANDS




Lyfjafraeðideild

Lyfjafraeði er fraeði- og vísindagrein sem fjallar um lyf frá öllum hugsanlegum sjónarhornum, allt frá þróun nýrra lyfjaefna og lyfjaforma að framleiðslu, notkun og verkun lyfja.

Lyfjafraeðinámið:

- » er fjölbreytt, samsett af hinum ýmsu greinum líf- og raunvísinda, auk félagsvísindagreina
- » er byggt á fjölbreyttum kennsluháttum s.s. fyrirlestrum, umræðutímum, verklegum æfingum, einstaklingsbundnum verkefnum, hópverkefnum og dæmatímum
- » hefur það að markmiði að virkja sjálfstæði og frumkvæði nemenda
- » skiptist í BS hluta (þrjú ár) og MS hluta (tvö ár). MS gráða í lyfjafraeði veitir rétt til að sækja um starfsleyfi lyfjafraeðings

Lyfjafraeðinámið – skipting eftir einingum:



Lyfjafraeðideild:

- » kappkastar að útskrifa lyfjafraeðinga með fyrsta flokks menntun að baki, hvort sem þeir kjósa að fara beint til starfa í atvinnullfinu eða hyggja á framhaldsnám hér á landi eða erlendis
- » er sterk rannsóknareining innan HÍ, þar sem stundaðar eru margvíslegar rannsóknir sem nemendur fá tækifæri til að kynnast og taka þátt í
- » kennarar eru í mikilli alþjóðlegri samvinnu, sem gerir nemendum mögulegt að taka hluta af náminu erlendis

Kennurum og öðru starfsfólki deildarinnar er sönn ánægja að bjóða nýja nemendur velkomna.



LYFJAFRÆÐINGAR ERU EFTIRSÓTTIR Í ATVINNULÍFINU OG MIKILVÆGIR ÞÁTTAKENDUR Í ÞEKINGARSAMFÉLAGI FRAMTÍÐARINNAR






Hvar starfa lyfjafræðingar?

Lyfjafræðingar og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum lyfjavisinda eru eftirsóttir í atvinnulífinu og verða mikilvægir þátttakendur í þekkingarsamfélagi framtíðarinnar.

Lyfjafræðingar starfa víða en algengast er að þeir starfi í lyfjaiðnaði, í apótekum, við markaðsmál eða á sjúkrahúsum.

- » Í lyfjaiðnaðnum vinna þeir við framleiðslu og hönnun lyfja ásamt því að sinna gæðaeftirliti og skráningum.
- » Á lyfjamarkaði vinna þeir við inn- og útfletning lyfja og að markaðsmálum.
- » Störf lyfjafræðinga í apótekum felast helst í því að veita ráðgjöf, sinna eftirliti, stjórnun og afgreiðslu lyfja.
- » Lyfjafræðingar í sjúkrahúsapótekum sinna ráðgjöf til annarra heilbrigðisstétta, taka þátt í skipulagningu og eftirliti með lyfjameðferð, auk þess að framleiða lyfja- og næringarblöndur.

Starfandi félagar í Lyfjafræðingafélag Íslands árið 2009



Fjölbreytt nám á breiðum grunni gerir lyfjafræðinga eftirsóttá í atvinnulífinu og þeirra bíða spennandi atvinnutækifæri að námi loknu.

TINKTÚRA

Tinktúra er félag lyfjafræðinema, en nafnið er vísun í gamalt náttúru-lyfjaform. Tilgangur félagsins er að halda uppi öfluggu og skemmtilegu félagslífi innan deildarinnar. Þar að auki er stjórn félagsins deildinni innan handar þegar kemur að hagsmunamálum nemenda.

Fjölmargar hefðir hafa skapast innan Tinktúru síðan félagið var stofnað og ýmsir viðburðir eru orðnir ómissandi í hugum nemenda. Má þar nefna vísindaferðir í hin ýmsu fyrirtæki, nýnemadjamm, jólaglög, íþróttamót (Lybba-leika) og svo að sjálfsgöðu árhátíð að vori.

Tinktúra er aðili að þremur alþjóðlegum samtökum; IPSF, EPSA og IAESTE. Helstu markmið samtakanna er að bjóða íslenskum nemendum vinnu erlendis sem tengist námi þeirra, til lengri eða skemmri tíma, og bjóða erlendum nemendum störf við hæfi á Íslandi.

Umsagnir nemenda

Sigurbjörg Sæunn Guðmundsdóttir, MS nemi:

„Ástæðan fyrir því að ég fór í lyfjafræði er sú að námsefnið heillaði mig. Það að geta vitað hvað gerist nákvæmlega í líkamanum frá því að manneskja tekur inn lyf og þar til það skilar sér út úr líkamanum finnst mér geggjað spennandi. Auk þess er starfssvið lyfjafræðinga mjög vítt.“

Hlynur Torfi Traustason, BS nemi:

„Lyfjafræðinámið sameinar áhuga minn á líffræði, stærðfræði og efnafræði. Lyfjafræðingar hafa mjög fjölbreytt starfssvið sem mér líst mjög vel á.“

Íris Gunnarsdóttir, BS nemi:

„Mig langaði að vinna við eitthvað heilbrigðis-tengt en langaði ekki í læknisfræði eða hjúkrunarfræði. Ég hef mjög mikinn áhuga á efnafræði og stærðfræði og mér fannst lyfjafræðin góð blanda af raunvísindafögum og heilbrigðisgreinum.“

Helgi Már Helgason, MS nemi:

„Upphaflega ákvað ég að fara í lyfjafræði til að sameina áhugamál mín, íþróttir og lyfjanotkun íþróttamanna. Í ljós hefur komið að lyfjafræði felur meira skemmtilegt í sér.“





HÁSKÓLI ÍSLANDS LYFJAFRÆÐIDEILD

Haga, 3. hæð
Hofsvallagötu 53
107 Reykjavík

Sími 525 4353
Fax 525 4071

lyf@hi.is
www.lyfjafraedideild.hi.is